
Kjarvalsstaðir

Áhrif náttúrunnar máluð og ofin

Guðrún Gunnarsdóttir og Sigrún Eldjárn: Er það ekki einmitt þannig í raunveruleikanum?



Guðrún Gunnarsdóttir: „Ég er ánægð með að hafa gert eitthvað sem fólk tekur afstöðu til".

Nú um helgina er síðasta tækifærið að sjá sýningarnar þrjár sem verið hafa á Kjarvalsstöðum undanfarinn hálfan mánuð, sýningu Sverris Ólafssonar myndhöggvara í Austursalnum, og sýningar Sigrúnar Eldjárn og Guðrúnar Gunnarsdóttur í Vestursalnum.

Öðru megin í Vestursalnum eru málverk Sigrúnar Eldjárn, sem heldur sína fyrstu „eiginlegu" málverkasýningu. – Ég hef aldrei sýnt svona stórar myndir, – segir hún, ég hef áður sýnt málverk og teikningar, en ekkert sem líkist þessu.

– Ég hef svosem ekkert annað um þessi málverk að segja, þetta er bara svona, og hverjum frjálst að túlka þessar myndir á sinn hátt. Þetta eru myndir unnar undir áhrifum frá landslagsformum, aðallega frá klettunum á Sveaborg í Finnlandi þar sem ég byrjaði að vinna þessar myndir, og dröngunum við Arnarstapa á Snæfellsnesi. En þetta er alls ekki landslagið þaðan, heldur formin eins og þau birtast mér.

– Svo hef ég málað þetta pínulitla fólk inn í formin á myndunum, og er það ekki einmitt þannig í raunveruleikanum? Lítið fólk í stórum heimi.

Ég vildi gera textilverkin nútímalegri

– Ég vinn aðallega með liti og form, – segir Guðrún, sem sýnir textilverk í hinum hluta salarins. – Í þessum verkum reyni ég að gera þessi hefðbundnu form textilverksins víðari með pappírsformum til hliðar og fyrir aftan verkin.

– Ég geri þetta vegna þess að ég er orðin þreytt á þessum ferköntuðu formum. Ég vildi gera textilverkin nútímalegri því mér finnst þau bjóða upp á svo takmarkað frjálsræði eins og þau eru.

Getur vefurinn ekki verið öðruvísi en ferkantaður?

– Jú, að vísu, en það sem gerist mjög oft þegar reynt er að vefa í öðrum formum er að verkið verður hreinlega ljótt. Virkar viðvaningslegt. Þannig áhrif hefur það að minnsta kosti á mig, því mér finnst vera mjög mjótt bil á milli þess sem virkar viðvaningslegt og verks sem er greinilega verk atvinnuvefara, og er þess vegna mjög viðkvæm fyrir því.

– Í þessum verkum er ég að leitast við að ná fram því einfalda, það er að segja að verkin virðist einföld þó þau séu það alls ekki í raun og veru. Þessi einfaldleiki sem virðist blasa við í fjarlægð er eiginlega bara blekking, þegar komið er nær kemur í ljós að verkið er mjög flókið.

Samlíkingin sést oft eftir á

– Ég get tekið undir það með Sigrúnu að áhrif frá náttúrunni séu ráðandi í mínum verkum, þó ég sé ekki endilega að reyna að lýsa henni eða hugsi um eitthvað ákveðið mótíf í byrjun.

– Maður sér samlíkinguna oft eftir á, – segir Sigrún, – ég er kannski byrjuð á einhverju og allt í einu fer ég að taka eftir svipuðum formum út um allt. Eftir að ég fór að mála þetta litla fólk í landslagsformin sá ég til dæmis mótífið út um allt þegar ég ferðaðist um landið í sumar.

– Ég er mjög hrifin af söndunum, – segir Guðrún, – og eftir að ég fór að gera þessi verk tók ég meira og meira eftir þeim, þessum viðáttumiklu svörtu auðnum þar sem nokkur grasstrá á stangli berjast fyrir tilveru sinni.

Nú sýnist sitt hverjum um sýninguna. Hvað finnst þér um viðbrögðin?


– Ég er mjög ánægð með þau, því mér hefur greinilega tekist að gera eitthvað sem fólk tekur afstöðu til og vekur upp spurningar. Mér finnst mjög spennandi að hafa gert eitthvað sem vekur tilfinningar.

– Það var alls ekki ætlun mín að hneyksla, en ég var sem sagt að reyna að komast frá hefðbundnum textíl og gera tilraunir með formin, og viðbrögðin sanna að mér hefur þó tekist að gera eitthvað sem er öðruvísi. Hvort sú breyting er góð eða hvort nákvæmlega þessi leið hentar mér á svo tíminn eftir að leiða í ljós. Ég er ekki viss um að ég haldi endilega áfram með þennan stíl þó ég haldi örugglega áfram að gera tilraunir með formin.

– Það sem hefur ráðið mestu um að ég geri þetta núna er bæði það að ég hef aldrei haft eins góðan tíma til að vinna eins og núna, og eins hef ég haft mjög góða vinnustofu undanfarið ár. Við það að hafa góðan tíma til að sinna hlutunum verður þróunin hraðari, hlutirnir gerast hægar þegar maður hefur lítinn tíma.

– Þeir möguleikar sem ég hef fengið með vinnustofunni skipta líka miklu máli. Ég hefði aldrei getað gert þessar tilraunir án þessarar góðu aðstöðu, þar er hátt til lofts svo ég get gert stærri verk og svo hef ég heilan vegg þar sem ég get hengt verkin upp til að skoða þau og ákveða hvað ég vilji gera við þau. Breytt vinnuaðstaða hefur sömu áhrif og nýtt umhverfi, maður sér hlutina í öðru ljósi og það fæðast nýjar hugmyndir.

Sýningum þeirra Sigrúnar, Guðrúnar og Sverris lýkur á sunnudagskvöld. Í Austur- og Vestur- forsal er sýning á verkum barna frá 61 dagvistunarheimili í Reykjavík, og stendur hún til þriðjudags. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 14-22. **LG**



Sigrún Eldjárn: „Lítið fólk í litlu landi." Myndir – ÞÓM.

ALÞINGI
ÍSLENDINGA

Skrifstofa Alþingis

óskar að ráða starfsmann til að annast reikningshald og hafa umsjón með starfsmannamálum skrifstofunnar. Háskólamenntun æskileg. Framtíðarstaða.
Umsóknir sendist til skrifstofu Alþingis fyrir 1. nóvember n.k.

ALÞINGI
ÍSLENDINGA

Skrifstofa Alþingis

óskar að ráða starfsmann til að vinna fyrir nefndir þingsins. Háskólamenntun æskileg. Framtíðarstarf. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk.

Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, fyrir hönd Hitaveitu Reykjavíkur, óskar eftir tilboðum í ryðfrítt stálefni fyrir Nesjavallavirkjun. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri að Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík. Tilboðin verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 23. nóvember nk. kl. 14.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800